



Lífsleiknistefna Seyðisfjarðarskóla

-Forvarnir og jákvæður skólabragur-

Við erum Uppbyggingarskóli auk þess sem við störfum samkvæmt Olweusaráætluninni gegn einelti og stefnu um Heilsueflandi skóla. Með samþættingu þessara verkefna er unnið markvisst að eflingu sjálfsmyndar nemenda og á það að endurspeglast í öllu skólastarfi.

Tilgangur lífsleiknistefnu er að tryggja að allir sem koma að námi og kennslu barna í Seyðisfjarðarskóla gangi í takt og starfi samkvæmt þeim stefnum og verkefnum sem hafa verið innleidd í skólastarfinu. Lífsleikni gegnir mikilvægu hlutverki við að styrkja hugrekki, frumkvæði, ábyrgð og sjálfsmynd,

Kennslustundir í lífsleikni

Í hverjum nemendahóp er að jafnaði ein kennslustund á viku í lífsleikni þar sem leitast er við að uppfylla markmið aðalnámskrár. Unnar eru kennsluáætlanir í lífsleikni í grunnskóladeild.

Olweusaráætlunin gegn einelti

Í skólanum er í gildi áætlun gegn einelti sem unnið er samkvæmt á öllum skólastigum. Markvisst er unnið með eineltishringinn og græna og rauða karlinn. Skólareglur gegn einelti eru skýrar og viðurlög við brotum á þeim.

Olweusardagurinn gegn einelti er haldinn hátíðlegur árlega þar sem fjölbreytt verkefni eru unnin með nemendum og farið með fræðslu gegn einelti út í samfélagið. Öll eru hvött til að mæta í grænum fötum í tilefni dagsins til stuðnings baráttunni gegn einelti. Vikulegir bekkjarfundir samkvæmt Olweusaráætluninni þar sem meðal annars er farið yfir reglur gegn einelti. Árlega er lögð fyrir könnun á einelti meðal nemenda.

Eineltismál eru rædd á vikulegum fundum starfsfólks, settar eru á vaktanir á samskiptum þegar upp kemur grunur um einelti eða samskiptavanda.



Eineltisteymi er við skólann og geta starfsmenn leitað til teymisins við úrvinnslu eineltismála og þegar upp kemur samskiptavandi.

Tvisvar á ári eru fundir með foreldrum í bekkjum þar sem meðal annars er farið yfir eineltisáætlun skólans, niðurstöður Olweusarkönnunar eftir áramót og samskipti í bekkjum.

Uppeldi til ábyrgðar

Í skólanum öllum er UTÁ orðræðan í fyrirrúmi.

Unnið er með grunnþarfir á öllum skólastigum.

Nemendur og starfsfólk gerir með sér sáttmála um samskipti.

Verkfæri UTÁ eru nýtt á öllum skólastigum, svo sem sáttarborðið og T- og Y- spjöld.

Hlutverk hvers og eins eru skýr og skilgreind skilmerkilega svo að allir viti til hvers er ætlast af þeim,

Skólasamfélagið gerir með sér sáttmála og ákveður gildi skólans.

Heilsueflandi skóli

Í öllu skólastarfi skal leita allra leiða til að tryggja að nemendur öðlist þekkingu á mikilvægi góðrar heilsu og vellíðan, þeir hvattir til að ástunda heilsueflandi lífni og skulu þeir njóta kennslu sem hefur forvarnagildi. Til þess að ná sem bestum árangri í heilsueflandi starfi með nemendum er mikilvægt að góð samvinna sé á milli skólans og foreldra og skólans og nærsamfélags.

Stýrihópur heilsueflandi skóla eru stjórnendur á hverri deild skólans sem og fulltrúar Skólaráðs.

Ýmis verkfæri til stuðnings lífsleiknikennslu

Vináttuverkefni Blær (leikskóladeild)

Gula verkfærakista UTÁ.

Verkfærakista Vöndu (grunnskóladeild)

Forvarnir af ýmsum toga og fræðsla varðandi áfengi, tókbak og önnur vímuefni, netnotkun, útlistviðmið, kynheilbrigði og svefn.



Áherslur í nemendahópum

Leikskóladeild

Yngri nemendur	
Verkefni	Viðfangsefni
UTÁ	Grunnþarfir nemenda. Starfsfólk sinnir börnunum markvisst út frá grunnþörfum.
UTÁ	Deildarsáttmáli.
UTÁ	Skýr mörk og ófrávíkjanlegar reglur.
Vináttuverkefni Barnaheilla	Blær kynntur fyrir nemendum.
Vináttuverkefni Barnaheilla	Vikulegar vinastundir.

Eldri nemendur	
Verkefni	Viðfangsefni
UTÁ	Grunnþarfir nemenda. Starfsfólk sinnir börnunum markvisst út frá grunnþörfum.
UTÁ	Deildarsáttmáli.
UTÁ	Skýr mörk og ófrávíkjanlegar reglur.
UTÁ	Hlutverkin – farið yfir merkingu orðsins og hugtakið, til dæmis út frá hlutverkum í samfélaginu.
UTÁ	Unnið með T-spjöld. Sú vinna gagnast öllum deildum, nemendum og starfsfólki.
UTÁ	Reglur sáttarborðsins kynntar og sáttarborðið nýtt til að leysa úr ágreiningi.
Vináttuverkefni Barnaheilla	Áfram unnið markvisst með Blæ og þau gildi sem hann stendur fyrir, svo sem hugrekki, umburðarlyndi, virðingu og umhyggju.
Vináttuverkefni Barnaheilla	Vikulegar vinastundir.
Olweus	Hugmyndafræðin bak við Olweusarhringinn, græna og rauða hegðun kynnt fyrir nemendum.



Grunnskóladeild

Yngsta stig 1. – 4. bekkur

1. – 4. bekkur	
Verkefni	Viðfangsefni
UTÁ	Grunnþarfir kynntar og unnið með þær.
UTÁ	Bekkjarsáttmáli. Nemendur velja gildi bekkjarins og vinna með hugtök tengd sáttmálanum.
UTÁ	Skýr mörk og ófrávíkjanlegar reglur.
UTÁ	Farið markvisst í hlutverk í skólanum, hlutverk nemenda, kennara og stuðningsfulltrúa, í fataklefanum, í frímínútum og í matartímanum.
UTÁ	Unnið með T-spjöld. Sú vinna gagnast öllum deildum, nemendum og starfsfólki.
UTÁ	Reglur sáttarborðsins kynntar og sáttarborðið nýtt til að leysa úr ágreiningi.
UTÁ	Lífsgildin. Nemendur vinna út frá eigin reynslu. Finna þau lífsgildi sem áhersla er lögð á heima, í samfélaginu og í skólanum.
UTÁ	Óskaveröld. Fjallað um hugtakið og að við getum öll átt okkar óskaveröld. Óskasamskiptin í skólanum og í bænum okkar – hvernig bæ/bekk/skóla viljum við tilheyra?
Olweus	Vikulegir bekkjarfundir.
Olweus	Unnið með Olweusarhringinn gegn einelti.
Verkfærakista Vöndu	Unnið með hugmyndafræðina á bak við Jákvæða leiðtoga - Verkfærakista Vöndu.
Verkfærakista Vöndu	Samvinnuverkefni úr Verkfærakistu Vöndu.
SAFT	Fræðsla um örugga netnotkun.
Heilsueflandi skóli	Fræðsla um mikilvægi svefns, góðrar næringar og reglulegrar hreyfingar.
Heilsueflandi skóli	Fræsla um staðalmyndir fjölmiðla og þjálfun í gagnrýnni hugsun um skilaboð varðandi útlit og líkamsvöxt.

Miðstig 5. – 7. bekkur

5. - 7. bekkur	
Verkefni	Viðfangsefni
UTÁ	Unnið með grunnþarfirnar á fjölbreyttan hátt.
UTÁ	Bekkjarsáttmáli. Nemendur velja gildi bekkjarins og vinna með hugtök tengd sáttmálanum.
UTÁ	Skýr mörk og ófrávíkjanlegar reglur.
UTÁ	Farið markvisst í hlutverk í skólanum, hlutverk nemenda, kennara og stuðningsfulltrúa, í fataklefanum, í frímínútum og í matartímanum.
UTÁ	Unnið með T-spjöld og Y-spjöld.
UTÁ	Sáttarborðið nýtt markvisst til að leysa úr ágreiningi.
UTÁ	Lífsgildin. Nemendur vinna út frá eigin reynslu. Finna þau lífsgildi sem áhersla er lögð á heima, í samfélaginu og í skólanum.
UTÁ	Óskaveröld, unnið með óskasamskiptin í bekknum okkar og skólanum.
Olweus	Vikulegir bekkjarfundir.
Olweus	Unnið með Olweusarhringinn gegn einelti.
Verkfærakista Vöndu	Unnið með hugmyndafræðina á bak við Jákvæða leiðtoga - Verkfærakista Vöndu.
Verkfærakista Vöndu	Samvinnuverkefni úr Verkfærakistu Vöndu.
SAFT	Fræðsla um örugga netnotkun.
Heilsueflandi skóli	Fræðsla um mikilvægi svefns, góðrar næringar og reglulegrar hreyfingar.
Heilsueflandi skóli	Fræðsla um staðalmyndir fjölmiðla og þjálfun í gagnrýnni hugsun um skilaboð varðandi útlit og líkamsvöxt.
Heilsueflandi skóli	Fræðsla um kynheilbrigði og samskipti.

Unglingastig

5. - 7. bekkur	
Verkefni	Viðfangsefni
UTÁ	Unnið með grunnþarfirnar á fjölbreyttan hátt. Umræður um þarfirnar dýpkaðar og sjónum beint að einstaklingnum og hvernig hann getur komið til móts við sínar þarfir. Eru einhverjar þarfir sem er ekki fullnægt? Hvernig ætlar nemandinn að fullnægja sínum þörfum?
UTÁ	Bekkjarsáttmáli. Nemendur velja gildi bekkjarins og vinna með hugtök tengd sáttmálanum.
UTÁ	Skýr mörk og ófrávíkjanlegar reglur.
UTÁ	Mitt og þitt hlutverk. Hér er farið dýpra í hlutverk en áður. Unnið markvisst með hlutverk í kennslu, öllum kennurum bekkjarins þarf að vera kunnugt um áherslur.
UTÁ	Unnið með T-spjöld og Y-spjöld.
UTÁ	Sáttarborðið nýtt markvisst til að leysa úr ágreiningi.
UTÁ	Lífsgildin. Nemendur vinna út frá eigin reynslu. Finna þau lífsgildi sem áhersla er lögð á heima, í samfélaginu og í skólanum.
UTÁ	Óskaveröld, unnið með óskasamskiptin í bekknum okkar og skólanum.
UTÁ	Lífsvagninn. Hvernig maður nær tókum á orðum sínum og gjörðum. Hugsa áður en framkvæmt er og ekki taka afdrifaríkar ákvaðanir í fljótræði.
Olweus	Vikulegir bekkjarfundir.
Olweus	Unnið með Olweusarhringinn gegn einelti.
Verkfærakista Vöndu	Unnið með hugmyndafræðina á bak við Jákvæða leiðtoga - Verkfærakista Vöndu.
Verkfærakista Vöndu	Samvinnuverkefni úr Verkfærakistu Vöndu.
SAFT	Fræðsla um örugga netnotkun.
Heilsueflandi skóli	Fræðsla um mikilvægi svefns, góðrar næringar og reglulegrar hreyfingar.
Heilsueflandi skóli	Fræðsla um staðalmyndir fjölmiðla og þjálfun í gagnrýnni hugsun um skilaboð varðandi útlit og líkamsvöxt.
Heilsueflandi skóli	Fræðsla um kynheilbrigði og samskipti.



Heilbrigðisfræðsla á vegum skólahjúkrunar

Mikilvægur hluti af starfinu í heilsuvernd skólabarna er heilbrigðisfræðsla sem skólahjúkrunarfræðingur sinnir. Eftirfarandi eru þau forvarnarefni sem hjúkrunarfræðingar hafa og er hluti af 6H fræðsluverkefningu:

1. bekkur - Hamingja/Líkaminn minn, hollusta, tannverð, handþvottur, slysavarnir.
2. bekkur – Svefn, hamingja, tilfinningar.
3. bekkur - Hollusta og hreyfing.
4. bekkur - Hamingja, sjálfsmynd, slysavarnir.
5. bekkur - Hamingja, samskipti, hollusta, hreyfing.
6. bekkur – Kynþroski.
7. bekkur - Hugrekki, sjálfsmynd og ákvarðanataka, tannvernd.
8. bekkur - Hollusta og hreyfing, hugrekki, félagsþrýstingur, líkamsímynd.
9. bekkur – Kynheilbrigði.
10. bekkur – Kynheilbrigði og kynning á heilsugæslunni.